

VINIR..
VATNAJÖKULS

Hollvinasamtök Vatnajökulspjóðgarðs



Hlutverk og markmið Vina Vatnajökuls er að:

- Afla fjár til að styðja við rannsóknir, kynningu og fræðslu um Vatnajökulspjóðgarð
- Efla fræðslu og rannsóknir í Vatnajökulspjóðgarði og næsta umhverfi hans
- Styrkja verkefni sem stuðla að samspili Vatnajökulspjóðgarðs og samfélagsins
- Beita áhrifum sínum til að efla samkennd um mikilvægi Vatnajökulspjóðgarðs fyrir nærliggjandi byggðir og alla landsmenn
- Efla skilning umheimsins á mikilvægi Vatnajökulspjóðgarðs og einstakri náttúru hans á heimsvísu



Vinirnir vilja setja í forgang styrkveitingar til verkefna sem stuðla að:

- Aukinni þekkingu almennings á náttúru og sögu Vatnajökulsþjóðgarðs
- Samspili byggðarlaga innan þjóðgarðsins
- Aukinni fræðslu og rannsóknnum í Vatnajökulsþjóðgarði og grenndarsamfélagi hans
- Samspili útivistar, menningar og þjóðgarðsins
- Tengslum barna og unglunga við náttúruna
- Auknum skilningi umheimsins á mikilvægi Vatnajökulsþjóðgarðs og einstakri náttúru hans á heimsvísu
- Eflingu samkenndar um mikilvægi Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir nærliggjandi byggðir og alla landsmenn
- Sjálfbærri ferðaþjónustu



Árið 2010 styrktu Vinirnir eftirtalin verkefni

- 1 Gestagötur í Vatnajökulsþjóðgarði
- 2 Gönguleiðakort af nágrenni Kirkjubæjarklausturs
- 3 Handbók í umhverfistúlkun
- 4 Hvítblinda – Ljósmyndasýning á Hornafirði
- 5 Innland Vatnajökull – Ljós- og myndbandasýning í Skaftafelli
- 6 Sjálfbær ferðamennska, náttúruvernd og stjórnun náttúruauðlinda
- 7 Skráning menningarminja í Örfæsasveit
- 8 Snjallleiðsögn um Vatnajökulsþjóðgarð
- 9 Stafrænn ferðafélagi í Vatnajökulsþjóðgarði – Hlustaðu, sjáðu, upplifðu
- 10 Útbreiðsla stafafuru í Staðarfjalli í Suðursveit




- 11 Þróun gróðurs og jarðvegs í Skaftafelli og Örfæfum síðustu árpúsundir
- 12 Þróun vetrarferðaþjónustu í Vatnajökulsþjóðgarði
- 13 Vatnajökull – Útiljósmyndasýning við Jökulsárlón
- 14 Hop jökla – Útiljósmyndasýning við Hoffell

Leiðsögn um Vatnajökulsþjóðgarð

Bókin sem beðið var eftir

Vinir Vatnajökuls eru útgefendur að bókinni **Leiðsögn um Vatnajökulsþjóðgarð**. Hún kemur út á þremur tungumálum, íslensku, ensku og þýsku og er fyrsta ritið sem gefið er út um þjóðgarðinn. Höfundurinn, Hjörleifur Guttormsson, er manna fróðastur um tilurð þjóðgarðsins og það svæði sem hann spannar.





Styrkveitingar Vina Vatnajökuls árið 2011

Vinir Vatnajökuls auglýsa eftir styrkumsóknum frá og með 8. ágúst 2011. Umsóknarfrestur stendur til 30. september.

Sjá nánar á vefsíðu: www.vinirvatnajökuls.is

Vinirnir styrkja Vatnajökulspjóðgarð á árinu 2011 til framkvæmda við eftirtalin verkefni:

- 1 Fræðslu- og upplýsingaskilti í Vatnajökulspjóðgarði
- 2 Vörður á þjóðgarðsmörkum sem upplýsa um innkomu í þjóðgarðinn
- 3 Kort og fræðslubæklinga um Vatnajökulspjóðgarð
- 4 Fræðslusýningu um Vatnajökulspjóðgarð í Skaftárstofu á Kirkjubæjarklaustri



Stefna og framtíðarsýn Vinanna

- Stefnan er að Vinir Vatnajökuls verði fjölmenn, fjárhagslega sjálfstæð samtök sem leggi mikið af mörkum til verkefna á sviði rannsókna og kynningar- og fræðslustarfs í Vatnajökulsþjóðgarði.
- Með sameiginlegu framlagi innlendra og erlendra einstaklinga, fyrirtækja, félaga og stofnana geta Vinirnir styrkt verkefni sem stuðla að þekkingu, leiða af sér tekjur og auka almenna vitund um sérstöðu og mikilvægi Vatnajökulsþjóðgarðs – stærsta þjóðgarðs í Evrópu.

Komdu í góðra Vina hóp! Vertu Vinur Vatnajökuls!

Til að gerast Vinur og sjá upplýsingar um styrktaraðila heimsæktu vefsíðu Vinanna: www.vinirvatnajokuls.is

Vertu VINUR Vatnajökuls!

Vinasúkkulaði! Ágóði af sölu þessarar vöru rennur til styrktar Vatnajökulsþjóðgarði – stærsta þjóðgarði Evrópu.



Við þökkum stuðninginn!

VINIR Vatnajökuls –
hollvinasamtök Vatnajökuls-
þjóðgarðs eru frjáls félagas-
amtök.

Meginmarkmið VINANNA
er að veita styrki til fræðslu,
kynningar og rannsókna á
Vatnajökulsþjóðgarði
og nærsamfélagi hans.



VINIR.
VATNAJÖKULS

Hollvinasamtök Vatnajökulsþjóðgarðs

Sturlugata 8 101 Reykjavík Sími 570 2825 vinir@vinirvatnajokuls.is www.vinirvatnajokuls.is